

Alþingi
Erindi nr. P 138/2638
komudagur 2.6.2010

From: karl.alvarsson@sam.stjr.is [mailto:karl.alvarsson@sam.stjr.is]
Sent: 2. júní 2010 10:18
To: Benedikt S. Benediktsson
Cc: fridfinnur.skraftason@sam.stjr.is
Subject: Re: Umsögn skipulagsstofnunar

Heill og sæll Benedikt

Meðfylgjandi eru athugasemdir ráðuneytisins vegna umsagnar Skipulagsstofnunar.

Vísað er til erindis samgöngunefndar Alþingis vegna umsagnar Skipulagsstofnunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2009 – 2012. Skipulagsstofnun bendir á að áætlunir sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, eru undirbúnar og/eða samþykktar af stjórnvöldum og eru unnar samkvæmt lögum ákvörðun eða ráðherra, eru háðar umhverfismati samanber 3. gr. laga um umhverfismat áætlana. Skipulagsstofnun telur að fjögurra ára samgönguáætlun 2009 – 2012 uppfylli þessi skilyrði laganna og sé því háð umhverfismati enda hefur ekki farið fram umhverfismat gildandi samgönguáætlunar til 12 ára 2003 – 2014. Skipulagsstofnun telur því ekki tímabært að fara yfir tillöguna með hliðsjón af 11. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, þar sem umhverfismatið á að leiða í ljós samræmi við landnotkun annarra áætlana.

Í bréfi Skipulagsstofnunar er vísað til 1. mgr. 3. gr. laga nr. 106/2006 um UMÁ, þar sem kveðið er á um að lögin gildi um umhverfismat þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana og breytinga á þeim sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um MÁU, nr. 106/2000. Skipulags- og framkvæmdaáætlunir skulu vera undirbúnar og/eða samþykktar af stjórnvöldum og unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra. Í 2. mgr. 3. gr. laganna er síðan kveði á um að lögin gildi ekki um fjárhags- og fjárlagaáætlunir.

Í greinargerð með lögunum kemur fram að í samgönguáætlun, sem er til tólf ára, skuli m.a. skilgreina það grunnkerfi sem ætlað er að bera meginþunga samgangna, gera grein fyrir ástandi og horfum í samgöngum í landinu og marka stefnu fyrir allar greinar samgangna. Samgönguráðherra leggur einnig fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára áætlun samgönguáætlunar sem tekur til nánari sundurliðunar hennar og er hún hluti af tólf ára áætluninni. Í fjögurra ára áætluninni skal m.a. gera grein fyrir fjáröflun og útgjöldum eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi eftir því sem við á. Hún fellur því ekki undir að vera skipulags- og framkvæmdaáætlun nema um það væri að ræða að í henni væru teknar ákvarðanir sem breyttu stefnumótun tólf ára samgönguáætlunar.

Samgönguáætlun 2003-2014 var samþykkt nokkrum árum áður en lög um UMÁ tóku gildi. Umhverfismat hennar fór því ekki fram. Samgönguáætlun 2007-2018 var lögð fram á Alþingi og rædd vorið 2007. Umhverfismat hennar hafði farið fram í samræmi við hin nýju lög um UMÁ. Áætlunin náði þó ekki fram að ganga á þinginu þar sem það var óvenju stutt vegna Alþingiskosninga um vorið.

Samgönguáætlun 2007 – 2010, sem var hluti samgönguáætlunar 2007 – 2018 og í samræmi við markmið hennar, var afgreidd frá Alþingi vorið 2007 (auk viðauka við áætlunina sem samþykkt var á vorþingi 2008). Þessi áætlunin var afgreidd eftir gildistöku laga um UMÁ og tekur hún mið af umhverfismatinu sem hafði farið fram. Engin athugasemd kom við afgreiðslu fjögurra ára áætlunarinnar þótt tólf ára áætlunin hafi ekki náð fram að ganga. Lokið

var við endurgerð samgönguáætlunar 2007 – 2018 á árinu 2008 en hún var aldrei lögð fram á þingi.

Í samgönguáætlun 2009 – 2012 er kveðið á um að á árunum 2009–2012 skuli unnið að rannsóknar-, úttektar- og stefnumótunarverkefnum sem falli undir fimm meginmarkmið samgönguáætlunar. Markmiðin eru í samræmi við stefnumótun í samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 auk stefnumótunar stjórnvalda um öryggi í samgöngumálum. Það er mat ráðuneytisins að þau verkefni sem kveðið er á um rúmist annars vegar innan áætlunarinnar 2003-2014 (sem ekki þurfti að fara í umhverfismat) og hins vegar innan þess umhverfismats sem fram fór vegna áætlunarinnar 2007-2018. Sennileg hefði verið heppilegra til að fyrirbyggja misskilning að í þeirri þingsáætlun sem nú liggur fyrir að vísa til samræmis til síðari áætlunarinnar þar sem hún hafði undirgengist umhverfismat áætlana.

Þannig fellur 4 ára samgönguáætlun 2009-2012 ekki undir að vera skipulags- og framkvæmdaáætlun nema um það væri að ræða að í henni væru teknar ákvarðanir sem breyttu stefnumótun tólf ára samgönguáætlunar.

Að öllu framgreindu virtu er niðurstaða ráðuneytisins sú að 4 ára samgönguáætlunin sé ekki matsskyld.

Kveðja

Karl Alvarsson